



Góðir félagar SSOVÍ

Nuddmót fellur niður vegna ónógrar þátttöku og aðalfundi frestað til 5. maí.

Nýtt AÐALFUNDARBOÐ SSOVÍ

**Aðalfundur SSOVÍ 2013 verður í Jötunsölum 2 íbúð 204 201 Kópavogi
Sunnudaginn 5. maí 2013 kl. 11 f.h.**

Anna Svava Traustadóttir býður okkur að hýsa aðalfundinn á heimili sínu. Vertu svo væn/vænn og láttu hana vita með sms eða símtali ef þú ætlar að mæta, vegna t.d. smá veitinga sem verða í boði.

Sími Önnu Svövu er 693-2237

Dagskrá aðalfundar: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 7. grein samþykktá félagsins.

1. Kosning fundarstjóra og ritara aðalfundar
2. Skýrsla stjórnar
3. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur félagsins til afgreiðslu.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins ef um þær er að ræða
5. Kosning formanns
6. Kosning meðstjórnenda og þriggja fulltrúa í siðanefnd SSOVÍ
7. Kosning fulltrúa í stjórn BIG og þingmanna á bandalagsþing BIG
8. Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda reikninga félagsins
9. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár
10. Önnur mál

Tillaga að lagabreytingu við 6. og 7. grein samþykktá Sambands svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi:
6.grein: Stjórn félagsins skal skipuð 3 fullgildum félagsmönnum. Formaðu skal kosinn til fjögurra ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kosinn skal einn endurskoðandi reikninga félagsins og einn varaendurskoðandi til eins árs.

Breytingartillaga við 6. grein: Stjórn félagsins skal skipuð 3 fullgildum félagsmönnum **og tveim varamönnum. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur til þriggja ára í senn og varamenn til tveggja ára í senn.** Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kosinn skal einn endurskoðandi reikninga félagsins og einn varaendurskoðandi til eins árs.

7.grein: Aðalfundur skal halda fyrir maílok ár hvert. Til hans skal boða bréflega eða með auglýsingu í dagblaði, með þriggja vikna fyrirvara hið minsta. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Breytingartillaga við 7. grein: Aðalfundur skal halda fyrir maílok ár hvert. Til hans skal boða bréflega eða með auglýsingu í dagblaði **eða með netpósti**, með þriggja vikna fyrirvara hið minsta. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

ATH! Formaður og ritari gefa ekki kost á sér áfram í stjórn SSOVÍ, gjaldkeri Anna Svava Traustadóttir situr áfram. **Við óskum eftir félaga sem vill hafa áhrif og gefa kost á sér í stjórn?** Einnig vantar SSOVÍ fulltrúa í BÍG.

Vakin er athygli á að ef félagi hefur ekki greitt árgjald í tvö ár þá dettur hann út af félagaskrá og í leiðinni minnum við á að nokkrir eiga eftir að greiða árgjald fyrir árið 2012!

Fréttabréfið er komið á Heimasíðuna : www.svaedamedferd.is